

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

18. FUNDUR – 10. janúar 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 18. fundar þriðjudaginn 10. janúar 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Þriggja ára áætlun – síðari umræða*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 20. desember 2011*
 - b) *Bæjarráð frá 9. janúar 2012*

Afgreiðslur:

1. *Þriggja ára áætlun – síðari umræða*

Engar umræður urðu um áætlunina og áætlunin borin undir atkvæði og var samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.
2. *Fundargerðir:*
 - a. *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 20. desember 2011*

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. *Bæjarráð frá 9. janúar 2012*

Fundargerðin er í 9 liðum. Miklar umræður urðu um fundargerðina.

Lögð var fram eftirfarandi bókun bæjarstjórnar við 7unda lið fundargerðarinnar:
„Bæjarstjórn samþykkir að óska eftir sameiginlegum fundi sveitarfélaga í A-Hún. um málefni samstarfsverkefna.“

Fundargerðin var að því loknu borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:05

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)